

AUGLÝSING

um almenna undanþágu frá búsetuskilyrðum hlutafélagalöggjafarinnar.

Ákvörðun iðnaðar- og viðskiptaráðherra samkvæmt auglýsingu þessari er einkum ætlað að vera til hagræðis ríkisborgurum og lögaðilum frá öðrum OECD-ríkjum en þeim sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en getur einnig komið að notum þeim ríkisborgurum og lögaðilum EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyingum og færeyskum lögaðilum sem heimilisfastir eru utan Evrópska efnahagssvæðisins, landsvæðis stofnsamningsins og Færeysja. Þeir ríkisborgarar og lögaðilar EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyingar og færeyskir lögaðilar, sem heimilisfastir eru á Evrópska efnahagssvæðinu, landsvæði stofnsamningsins eða í Færeymum, njóta þegar undanþágu á grundvelli laga.

Í ákvörðuninni, sem geymir undanþágu frá 3., 66., 137. og 140. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 3., 42., 111. og 114. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, felst nánar tiltekið að ríkisborgarar OECD-ríkja, EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyingar þurfa ekki að vera heimilisfastir hér á landi til að geta verið stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar íslenskra hluta- eða einkahlutafélaga eða útibússtjórar erlendra hluta- eða einkahlutafélaga á Íslandi heldur nægir að ríkisborgararnir séu heimilisfastir í einhverju OECD-ríkja, EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeymum.

Þá þurfa hlutafélög og önnur félög og stofnanir, sem standa að stofnun hluta- eða einkahlutafélaga hér á landi og vísað er til í 3. gr. hluta- og einkahlutafélagalaga, ekki að vera heimilisfost hér á landi heldur nægir að þau séu heimilisfost í OECD-ríki, EES-ríki, aðildarriki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeymum. Loks geta erlend hluta- og einkahlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í einhverju OECD-ríkja, EES-ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeymum, stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Í vafatilvikum getur hlutafélagaskrá, sem umsóknir um skráningu hluta- eða einkahlutafélaga eru sendar til, þó borið einstök mál undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Eftirtalin OECD-ríki, EES-ríki, aðildarriki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeysja falla undir undanþágureglu laga og auglýsingarinnar samkvæmt framansögðu miðað við 1. september 2013:

Austurríki	Ísrael	Portúgal
Ástralía	Ítalía	Pólland
Bandaríkin	Japan	Rúmenía
Belgía	Kanada	Síle
Bretland	Kórea (Suður-Kórea)	Slóvakía
Búlgaría	Króatía	Slóvenía
Danmörk	Kýpur	Spánn
Eistland	Lettland	Sviss
Finnland	Liechtenstein	Svíþjóð
Frakkland	Litháen	Tékkland
Færejar	Lúxemborg	Tyrkland
Grikkland	Malta	Ungverjaland
Holland	Mexikó	Þýskaland
Írland	Noregur	
Ísland	Nýja Sjáland	

Nr. 848

6. september 2013

Auglysing þessi, sem gefin er út skv. 158. gr., sbr. 3., 66., 137. og 140. gr., laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 135. gr., sbr. 3., 42., 111. og 114. gr., laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi auglýsing nr. 364/2009 um almenna undanþágu frá búsetu-skilyrðum hlutafélagalöggjafarinnar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 6. september 2013.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Valgerður Rún Benediktsdóttir.

Sigurbjörg S. Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 24. september 2013